

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1553
komudagur 12.3.2007

12.3.2007

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Læknafélag Íslands hefur fengið upplýsingar um að viðskiptaráðuneytið hafi keypt álit Guðmundar Sigurðssonar, prófessors við Háskólann í Reykjavík, á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga. Að sögn kemst prófessorinn að þeirri niðurstöðu að Oviedo samningurinn styðji ekki málatilbúnað Læknafélagsins um að upplýst samþykki foreldra og systkina váttryggingartaka þurfi að liggja fyrir þegar váttryggingartaki gefur um þau heilsufarsupplýsingar til váttryggingarfélaganna. Þegar félagið snéri sér til Alþingis með beiðni um að fá afrit af áliti prófessorsins var því vísað á viðskiptaráðuneytið. Viðskiptaráðuneytið treystir sér hins vegar ekki til að afhenda umrætt álit nema tiltekinn starfsmaður sem fer með afgreiðslur á grundvelli upplýsingalaga afgreiði beiðni félagsins. Sá starfsmaður var hins vegar farinn úr húsi um þrjú leytið og því verður ekki unnt að afgreiða erindi félagsins fyrr en á morgun.

Læknafélagið er ekki sátt við þessa afgreiðslu málsins og óskar eftir því við þingnefndina að félagið verði upplýst um innhald álits prófessorsins nú þegar. Það er skammt eftir af þingstörfum og því mikilvægt að sá tími sem eftir er verði nýttur til fullnustu en mál ekki látin bíða að óþörfu.

Það kemur félaginu á óvart að heyra af því fréttir að prófessorinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að Oviedo samningurinn væri að engu hafandi varðandi það álitaefni sem hér er til umræðu. Þótt prófessorinn búi að viðtækri reynslu á sviði váttryggingamála eftir um 10 ára starfsreynslu hjá stóru tryggingafélagi er það félaginu ekki fullnægjandi vitneskja. Til að unnt sé að ræða viðfangsefnið á málefnalegan hátt er félaginu nauðsynlegt að fá að sjá álitið og taka afstöðu til þess – ekki sist ef þingnefndin ætlar að byggja á því til að hafna röksemdum félagsins.

Þar sem félagið hefur aðeins óljósar hugmyndir um innhald álitsgerðar prófessorsins og á þessari stundu er alls óvíst hvenær félagið fær þær upplýsingar er rétt að taka fram eftirfarandi:

Ovídó samningurinn fjallar um vernd mannréttinda og mannglegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði. Í inngangsorðum samningsins segir m.a. að samningsaðilar hafi í huga almennu mannréttindayfirlýsinguna sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 10. desember 1948 og sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 en honum var veitt lagagildi á Íslandi með samþykkt laga nr. 62 frá 1994 um mannréttinasáttmála Evrópu. Í 10. gr. Oviedó samnings er kveðið á um að sérhver eigi rétt á því að einkalíf hans sé verndað þegar upplýsingar um heilsufar hans eru annars vegar. Í skýringum með þessari sömu grein segir að í greininni sé verið að staðfesta það sem þegar er kveðið á um í 8. gr. mannréttinasáttmálans. Það þýðir með öðrum orðum að í 10. gr. Oviedó samningsins er ekki verið að kveða á um nýja efnisreglu heldur verið að áréttta það sem segir í 8. gr. mannréttinasáttmálans um einkalífsverndina. Eða með enn öðrum orðum að þótt tilvist Oviedó samningsins væri ekki fyrir hendi þá teldist einkalífsverndin ná til upplýsinga um heilsufar einstaklingsins. Og að lokum um þetta: Þótt Oviedó samningurinn sé samningur um tiltekið svið þar sem settar eru ítarlegri reglur á mörgum sviðum þá dregur hann ekki á nokkurn hátt úr gildi mannréttinasáttmálans eða stjórnarskrárinnar sem fela í sér sjálfstæða einkalífsvernd.

Ef ofangreind rökræða er ekki í samræmi við efni álitsgerðar prófessorsins stafar það af þegar útskýrðum ástæðum og er þá beðist velvirðingar á því. En eins og útskýrt hefur verið er þessi athugasemd þó gerð á þessari stundu ef þær upplýsingar sem félagið hefur fengið eru réttar – þannig gefst þingmönnum meira ráðrúm til að meta málefnalegar athugasemdir.

Með góðri kveðju

Gunnar Ármannsson hdl. frkvstj. LÍ
Gsm 896 2240